

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við þágildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi Hesthaga í landi Þórisstaða.*
Í breytingunni felst að deiliskipulagssvæðið stækkar úr 1,5 ha í 16 ha þar sem gert er ráð fyrir íbúðarhúsi, hesthúsi og skemmu í stað þriggja frístundahúsa. Hámarksstærð íbúðarhúss er 320 m² og hesthúss og skemmu 500 m², hvor bygging. Hámarkshæð húsa er 6 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. október 2010.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Kerengi úr landi Miðengis.*
Í breytingunni felst að í stað 80 m² hámarksstærðar frístundahúsa er miðað við nýtingarhlutfallið 0,03. Í stað 10 m² geymslu og 15 m² gróðurskála verður heimilt að byggja allt að 40 m² gestahús. Þakhalli má vera á bilinu 0-45 gráður í stað 20-30 gráður og mesta hæð mænis verður 6 m frá jörðu í stað 4,5 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. febrúar 2011.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 28. febrúar 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.